



Sparnaðarnefnd 1954. Greinargerð um skipun og störf sparnaðarnefndar 20. maí 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Sparnaðarnefnd

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-18, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Spornadarnefnd

I. kafli.

Greinargerð um skipun og störf sparnaðarnefndar.

Sparnaðarnefndin var skipuð í aprilmánuði 1954 þannig, að hver ráðherra tilnefndi einn mann í nefndina. Í nefndina voru skipaðir þessir menn:

Eiríkur Pálsson, lögfræðingur,
Gunnlaugur E. Briem, skrifstofustjóri,
Karl Kristjánsson, alþingismaður,
Magnús Jónsson, -
Ólafur Jensson, verkfræðingur,
Sigurður Kristjánsson, fyrrv. alþingism.

Jafnframt var gert ráð fyrir því, að fulltrúi fjármála-
ráðherra í nefndinni, Ólafur Jensson, gegndi formannsstörfum
í henni. Nefndin valdi Magnús Jónsson sem ritara. Vegna fjar-
veru Karls Kristjánssonar úr bænum fyrri hluta sumars, tók
Baldur Öxdal, fulltrúi, frá byrjun sæti hans í nefndinni sem
varamaður, en síðan sem aðalmaður, er Karl Kristjánsson bætt
undan þátttöku í störfum nefndarinnar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar hinn 3. maí, en
erindiðbréf hennar var þó ekki sent fyrri en 20. maí og var
lagt fram á 6. fundi nefndarinnar 21. maí. Það er undirritað
af fjármálaráðherra og stílað til formanns nefndarinnar, og er
svohljóðandi:

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. maí 1954.

Með skírskotun til viðtals við yður, herra verkfræðingur, vill ráðuneytið tjá yður, að ríkisstjórnin hefur ákveðið það, sem hér fer á eftir um störf og starfs svið fulltrúa þeirra, er ráðherrarnir hafa skipað til að athuga útgjöld ríkisins, í því skyni að koma fram sparnaði við ríkisreksturinn.

1. Þeir skulu athuga nákvæmlega útgjaldaliði fjárlaga hjá hverju ráðuneyti fyrir sig og þeim stofnunum og starfsgreinum, sem undir hvert þeirra heyra. Skal athugunin ná bæði til almennra útgjalda svo og til þeirra, sem ákveðin eru með sérstöku lögum. Sve skal og athuga hvar helst hefur borið á umfrangreiðslum og benda á ráð gegn þeim. Á lokinni athugun skulu fulltrúarnir gera álitserð um, hvort og þá hvernig megi draga úr þessum útgjöldum.

2. Ennfremur verði athugað, hverjar leiðir séu helztar til að koma í veg fyrir að ábyrgðir, er ríkið hefir tekið, lendi á ríkissjóði, svo og hvernig helst megi takast að innheimta það, sem á er fallið og á kann að falla af slíkum ábyrgðum.

3. Fulltrúarnir skulu miða starf sitt við það, að sem flestar tillögur þeirra geti komið til meðferðar í sambandi við undirbúning næsta fjárlagafrumvarps.

4. Þér sem fulltrúi fjármálaráðherra skuluð stýra sameiginlegum fundum fulltrúanna.

Skúli Guðmundsson
sign.

Sigtr. Klemenzson
sign.

Til

herra verkfræðings Ólafs Jenssonar,
Reykjavík.

Af erindisbréfi þessu varð nefndarmönnum ljóst, að nefndinni var stlað mun viðtekara verkefni en þeir höfðu átt von á, og viðtekara en svo að þeir treystust til að ljúka því til fulls á tilsettum tíma, enda allir bundnir af öðrum störfum og hafa orðið að hafa nefndarstörfin að mestu í hjáverkum.

Mánuðina maí og júní hélt nefndin fundi reglulega tvisvar í viku. Síðan lágu störf hennar niðri að mestu um tveggja mánaða skeið vegna sumarleyfa nefndarmanna og ýmissa opinberra starfsmanna, er nefndin þurfti að leita til. Síðan hefir nefndin haldið fundi öðru hvoru, en þess á milli hafa einstakir nefndarmenn unnið að athugunum á ýmsum þeim málum, er til umræðu hafa verið í nefndinni. Hinn 7. þ.m., voru reglulegir fundir nefndarinnar orðnir 19 að tölum. Nefndin hefir kvatt ýmsa embættismenn á sinn fund til viðræðna.

Fyrsta verk nefndarinnar var að kynna sér álit og tillögur sparnaðarnefndar þeirrar er starfaði á árunum 1947 - 1948, en álit þeirrar nefndar er í þrem mæginköflum: Nefndir og ráð, bifreiðaeign opinberra stofnana og eftirlit með rekstri ríkisins og opinberra stofnana. Ákvað nefndin nú að byggja starf sitt á þessu álit, eftir því sem við stí. Skrifaði hún því öllum ráðuneytum og óskaði upplýsinga um allar þær nefndir, sem starfandi voru á vegum þeirra. Upplýsingar þessar bárust nefndinni smám saman frá flestum ráðuneytum, en hafa enn ekki borist frá þeim öllum, og hefir nefndin því ekki getað gengið frá tillögum sínum varðandi þennan þátt ríkisrekstrarins. Um hin tvö áminnstra atriða, bifreiðaeign opinberra stofnana og eftirlit með opinberum rekstri, er fjallað í II. kafla.

Nest mæri nefndin sér að því að athuga einstakar stofnanir og embætti og fjárveitingar til þeirra. Til þess að sinna

til fulls verkefni sínu á þessu sviði, hefði nefndin þurft að athuga gaumgæfilega vinnutilhögun, starfsaskilyrði, mannahald og fleira í hverri einstakri stofnun. Það starf verður ekki unnið svo að gagn sé að, nema með allöngum athugunum á hverjum stað, einkum í hinum stærri stofnunum, og þyrfti þó að vinnast sem aðalstarf. Er án efa vonlegast til árangurs að þetta starf sé unnið af stofnun þeirri, sem nefndin leggur til að komið verði á fót til eftirlits með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Taldi nefndin því réttara að velja sér víðara sjónarsvið en sniðganga hin smærri atriði að verulegu leyti fyrst í stað. Hefir sú orðið raunin á, að þær athuganir nefndarinnar hafa reynst srið tímafrekar þótt í sumum tilfellum megi aðeins teljast frumathuganir. Hér á eftir er birt álit og tillögur nefndarinnar um þau atriði, sem hún hefir gengið frá. Í III. kafla er fjallað um einstakar stofnanir og embætti og sérstakar fjárveitingar, og er þar að mestu fylgt sömu röð og í fjárlögum. Í II. kafla eru tekin til meðferðar almennari atriði, sem ekki eru bundin við einstakar stofnanir.

Í erindirbréfinu er nefndinni sérstaklega falið að athuga umfrangreiðslur og benda á ráð gegn þeim. Er um þær rætt í sérstakri grein í II. kafla.

Loka er nefndinni falin athugun á greiðslum ríkisins vegna vanskila á lánum, sem ríkissjóður hefir tekið ábyrgð á. Nefndin hefir ekki tekið þetta verkefni til meðferðar, enda er það í rauninni óskilt öðrum störfum hennar, sem hún hefir talið brýnni og lagt áherslu á að ljúka.

II. kafli.

Eftirlit með opinberum rekstri:

Sparnaðarnefndin frá árunum 1947 - 1948 leit svo á og gerði grein fyrir því, að þýðingarlitid væri að gera til-
lögur um sparnað á opinberum rekstri nema til væri einhver
aðili eða stofnun, sem sérstaklega væri falið það verkefni
að hafa eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Með tilliti til þessa gekk nefndin frá frv., þar sem
lagt var til að í fjármálaráðuneytinu skyldi stofna sérstaka
deild, er bæri heitið Eftirlit með opinberum rekstri. Forstöðu-
maður þessarar deildar skyldi nefnast ráðsmaður ríkisins.

Frv. þetta kom til meðferðar á Alþingi en varð ekki að
lögum.

Núverandi sparnaðarnefnd telur og að nauðsynlegt sé, að
einhver slík stofnun til eftirlits með opinberum rekstri verði
sett á leggirnar.

Leggur nefndin því til, að áður nefnt frv. verði flutt að
nýju og þau megin atriði, sem það fjallar um verði lögfest.
Má þá fyrst vanta að unnt verði að vinna með skynsamlegum hætti,
að eftirliti á ríkisrekstrinum í heild og einstökum þáttum
hans svo og koma á bættri starfstillögum og nauðsynlegum
sparnaði.

Í athugasemdum nefndarinnar, er frv. fylgdi á sínum tíma,
var gerð fjarleg grein fyrir frv., og þykir því ekki ástæða
til að endurtaka það hér, en vísað til þess, sem þar stóð.

Bifreiðakostnaður ríkis og ríkisstofnana.

Veturinn 1953 - 1954 lét ríkisstjórnin taka saman ýtarlega skýrslu um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana á árinu 1952. Niðurstaðan var þessi:

Bifreiðar opinberra stofnana reyndust vera 253, og varð kostnaður við þær á árinu 7,3 millj. kr. Tekjur af bifreiðunum voru taldar 3,3 millj. kr. Auk þess var 85 starfsmönnum greitt samtals 724 þús. kr. fyrir afnot af einkabifreiðum þeirra.

Stjórnarráðið hafði á árinu 7 bifreiðar, sem kostuðu í rekstri 255 þús. kr. auk bifreiðastjórallauna.

Ekki verður séð með vissu, hve margar hinna fyrsttöldu bifreiða eru vörubifreiðar og hve margar fólksbifreiðar, enda oft erfitt að greina þær á milli, ef sama bifreiðin er notuð jöfnum höndum til fólks- og vöruflytninga. Af lauslegri athugun á skýrslunni virðist þó mega ráða, að fólksbifreiðar í eigu opinberra stofnana hafi verið ca. 100 og kostnaður við þær ca. 2,3 millj. kr.

Í álitni sparnaðarnefndar frá 1948 eru bifreiðar í eigu hins opinbera taldar 85. Voru þá taldar með bifreiðar stjórnarráðsins, 3 að tölu, og nokkrar vörubifreiðar. Mun mega telja, að fólksbifreiðar í eigu opinberra stofnana (annara en stjórnarráðsins) hafi þá verið 75 að tölu, og hefir þeim því fjölgað um þriðjung á 5 árum (1947 - 1952).

Fyrri sparnaðarnefndin lagði til, að 28 af áðurgreindum 85 bifreiðum yrðu seldar. Árangurinn af þeim tillögum varð sá, að ein bifreið var seld, en síðan hefir þeim fjölgað stórkostlega á skömmum tíma. Með tilliti til þessa taldi sparnaðarnefndin ekki rétt að eyða nú á ný miklum tíma í að gera tillögur um breytingar á bifreiðaeign einstakra stofnana. Er nefndin þó í

meginatriðum sammála sjónarmiðum fyrri nefndarinnar. Hún fellist sem sé á það, að hófleg bifreiðanotkun sé að visu eðlileg og sjálfsögð nú á tímum, en telur að í ýmsum tilfellum sé hagkvæmara fyrir opinberar stofnanir að nota leigubíla eða greiða starfsmönnum fyrir afnot af einkabílum þeirra, en að stofnanirnar eigi bíla sjálfar.

Um greiðslur fyrir afnot af einkabílum opinberra starfsmanna gilda nú þær reglur, að gera skal um afnotin skriflegan samning milli starfsmanna og þess ráðuneytis, er stofnunin heyrir undir, en áskilið er samþykki forstöðumanns viðkomandi stofnunar og fjármálaráðuneytisins.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að tæplega verði á annan hátt betur tryggt, að misnotkun eigi sér ekki stað á þessu sviði.

Símakostnaður og barðargjöld endurgreidd embættismönnum og opinberum skrifstofum, færð á ll. gr. D í ríkisreikningi á árinu 1953 1,474 þús. kr. Hér í eru talin síma- og póstgjöld stjórnarráðsins og nokkurra embætta og stofnana, ennfremur héraðslækna og presta. Fjölmargar opinberar stofnanir greiða hins vegar póst- og símagjöld sín sjálfar, svo að ofangreind fjárhæð veitir ekki rétta hugmynd um þennan kostnað hjá ríki og ríkisstofnunum í heild.

Versamá að ekki sé unnt að spara svo nokkru nemi af þessum útgjöldum, en nefndin vill þó benda á 2 atriði, sem hún telur íhugunarverð.

Það tíðkast nokkuð í sumum opinberum stofnunum, að stofnanir greiði afnotagjöld af heimasímum starfsmanna, án þess um nokkrar fastar reglur sé að ræða. Leiðir af því augljóst misrétti. Í sumum tilfellum er greiðslan réttlætmeð því, að stofnuninni sé hagur að því að geta náð sambandi við starfsmann utan vinnutíma, en í öðrum tilfellum, að starfsmaður noti símann verulega í þágu stofnunarinnar. Nefndin er hins vegar þeirrar skoðunar, að símanotkun sé nú orðin svo almenn og sími þyki svo sjálfsagður á flestum heimilum, að ekki sé nein ástæða til þess að ríki eða opinberar stofnanir leggi starfsmönnum sínum til síma á sinn kostnað.

Sé notkun símans hins vegar svo mikil, að aukagjalda sé krafist, telur nefndin eðlilegt, að starfsmaður fái það endurgreitt, svo fremi að það verði talið stafa af notkun símans í þágu starfsins.

Varðandi póstgjöldin vill nefndin benda á, að eðlilegra er að nota stimpilvélar í stað frimerkja í þeim stofnunum, sem mikil bréfaviðskipti hafa.

Verklegar framkvæmdir ríkissjóðs

Ríkissjóður ver nú áflega stórum fjárhæðum til ýmskonar verklegra framkvæmda, svo sem vegu- og brúargerða, vita, hafnarmanavirkja, flugvalla, raforkuvera, símalagninga, skólabygginga og margskonar húsbýgginga annara. Hefir þessi starfsemi ríkissjóðs farið mjög vaxandi að undanfögnu, enda ekki óþililegt, þar eð nær ótæmandi virðast þau verkefni, sem ríkissjóði einum er ætlandi að standa straum af fjárhagslega. En einmitt af þeirri ástæðu skiptir það höfuðmáli, að sem best nýtist það fé, sem á hverjum tíma er lagt til framkvæmdanna.

Á tvennan hátt hefir hér verið að unnið. Ýmist hefir viðkomandi ríkisstofnun allar framkvæmdir með höndum eða að einkafyrirtæki taka að sér verkið, og þá oftast í ákvæðisvinnu að undangengnu útboði. Hver leiðin farin er, fer að mestu eftir þeim venjum sem skapast hafa á undanfögnu árum og áratugum hjá þeim stofnunum, sem sjá um framkvæmdirnar. Þannig annast vegamálaskrifstofan sjálf allar framkvæmdir með vegu- og brúargerð, raforkumálaskrifstofan (rafmagnsveitur ríkisins) annast sjálf byggingu háspennulína, en létur byggja flest orkuver í ákvæðisvinnu, landssíminn annast sjálfur byggingu símalína, flugmálastjórnin létur ýmist byggja flugvelli í ákvæðisvinnu eða annast framkvæmdina sjálf. Upptalning þessi sýnir, að ríkisrekstur er býana viðtekur á þessu sviði, þótt ekki sé hann einráður.

Nú er það vitað mál, að hvorki á ríkisrekstur yfirleitt svo miklu fylgi að fagna með þjóð vorri, né heldur hefir hann gefið svo vel á ýmsum sviðum þar sem hann hefir verið reyndur að undanfögnu, að þess vegna sé sjálfsegt að halda honum áfram við fyrrgreindar framkvæmdir. Er því rétt að athuga nánar hvernig hann er þar til kominn, og hvort sérstakar ástæður máli með honum á þessu sviði.

Þegar vege- og brúargerð hófst hér fyrir alvöru má segja að stigin væru fyrstu sporin í þeirri tækniþróun, sem enn stendur yfir og gerist nú s örvari. Þá var af eðlilegum ástæðum ekki um annað að ræða, en að ríkið sjálft aflaði sér nauðsynlegra tækja og annars, sem til þurfti að annast allar framkvæmdir. Að þessu leyti mátti telja aðstæður óbreyttar þegar símalagning hófst hér, og jafnvel að nokkru leyti allt fram á síðasta áratug. Má því segja, að óhjákvæmilegt hafi verið að taka upp þessa skipan í öndverðu.

Nú eru allar aðstæður breyttar verulega. Nú eru það ekki lengur húsasmíðir einir, sem taka að sér verk í ákvæðisvinnu. Upp eru risin hér öflug byggingafélög, sem hafa á að skipa þjálfuðum mönnum til margkonar verka, og hafa tök á að framkvæma hverskonar mannvirki. Sá grundvöllur, sem núverandi skipulag þessara mála hjá ríkissjóði byggðist á, er því ekki lengur fyrir hendi. Ekki verður heldur séð, að önnur og nýrri rök máli með þessu skipulagi.

Sparnabarnefndin er því þeirrar skoðunar, að nú beri að breyta til og stefna að því, að verklegar framkvæmdir ríkissjóða verði boðnar út í ákvæðisvinnu, nema sérstakar ástæður banni.

Slíkri breytingu verður að sjálfsögðu ekki komið á í einni svipan. Fyrst í stað má gera ráð fyrir, að einnigis nokkur hluti framkvæmdanna yrði boðinn út, en hitt önnudust ríkisstofnanirnar sjálfar. Með því fyrirkomulagi fengist jafnfram⁺skillegur samburður á því, hvort leibin væri raunverulega hagkvæmari.

Um verkfræðilegan undirbúning að framkvæmdunum gegnir að nokkru sama máli og um framkvæmdirnar sjálfar. Hinar eldri stofnanir, vegamála- og vitamála- og landssíminn hafa í þjónustu sinni svo marga verkfræðinga, að þær geta sjálfar

annast allan undirbúning (projekteringu) að framkvæmdum sínum. Hinar yngri stofnanir, raforkumálaskrifstofan og flugmála-
stjórnin láta hins vegar einkafyrirtæki annast þessi störf fyrir sig, hin fyrri að nokkru en hin síðari að öllu leyti. Ástæðu til þessarar þróunar eru hinar sömu og áður eru nefndar. Einkafyrirtæki, sem getu annast þessi störf, hafa ekki verið til fyrr en á síðari árum, en eru nú risin upp nægilega mörg og öflug til þess að þau getu annast þessi störf að mestu eða öllu leyti.

Sparnaðarnefndin telur því, að til greina geti komið, að verkfræðilegur undirbúningur opinberra verklegra framkvæmda verði að mestu unninn af einkafyrirtækjum, en ríkisstofnanir hafi aðeins í sinni þjónustu nægilega marga verkfræðinga til þess að annast eftirlit með undirbúningi og framkvæmdum. Á það má benda þessu til stuðnings, að yfirleitt má gera ráð fyrir að hagkvæmari lausnir fái st á verkefnum, þegar einn aðili "projekterar" og annar gagnrýnir, hafnar og velur, heldur en þegar sami aðili er dómari um eigin verk.

Vegna nýafstaðinnar kjaradeilu hafa nokkrir verkfræðingar horfið úr þjónustu ríkisins en nýir menn hafa ekki enn verið ráðnir í þeirra stað. Nú er því einstakt tækifæri til þess að taka upp þá skipan, sem sparnaðarnefndin leggur til.

Skrifstofa húsameistara ríkisins hefir nokkra sérstöðu meðal þeirra stofnana, sem undirbúa verklegar framkvæmdir ríkisins. Skrifstofan teiknar margskonar byggingar, skóla, kirkjur, sundlaugar, sjúkrahús, embættisbústaði o.fl., sem byggðar eru að nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs (Verkfræðilega séruppdrætti létur skrifstofan þá einstaklinga annast.)

Gildir hér hið sama og áður er nefnt, að stofnuninni var

komid á fót þegar ekki var með öðrum hætti unnt að fá verkin unnin af hinum færustu mönnum.

Nú um nokkurt skeið a.m.k. hefir svo illa verið búid að þessari stofnun, að hún hefir ekki haft á að skipa nægilega mörgum starfsmönnum til þess að geta leyst fyllilega af hendi þau mörgu verkefni sem hún hefir jafnan haft með höndum.

Sumum kann að virðast, sem með þessu hafi sparast nokkurt fé, en því fer víðá fjarri. Enginn efi er á, að því betur sem byggingar eru undirbúnaðar með teikningum, því auðveldari og ódýrari verður framkvæmdin. Lélegur undirbúningur hefir margseinnis valdið því, að byggingar hafa orðið óeðlilega dýrar vegna breytinga sem á þeim hefir þurft að gera til þess að þær hefðu hlutverki sínu. Þá sögu þekkja allir, sem eitthvað hafa fengist við byggingar. Ástæða er til að etla, að unnt hefði verið að komast hjá margvíslegum mistökum með byggingar á vegum ríkisins, ef húsameistari ríkisins hefði átt vól meiri starfskrafta við undirbúning bygginganna, og væri því nauðsynlegt að þeir yrðu auknir hið fyrsta, til þess að koma í veg fyrir slík mistök framvegis.

En vegna þess hve aðstæður eru nú breyttar einnig á þessu sviði frá því að embætti húsameistara var stofnað, er ekki lengur nauðsynlegt að afla aukinna starfskrafta með því að fjölga fóstum starfsmönnum. Sparnaðarnefndin telur þá leið að ýmsu leyti skillegri, að einstökum húsameisturum verði falið að teikna flestar eða allar opinberar byggingar, annaðhvort með samkeppnisfyrirkomulagi eða á þann hátt annan, er best þykir við eiga hverju sinni. Skrifstofa húsameistara ríkisins hafi einungis með höndum undirbúning að samkeppnum, eftirlit með teikningum og framkvæmdum og þau störf önnur, sem ekki þykir fært að láta einstaklinga annast.

Þegar rætt er um verklegar framkvæmdir ríkissjóðs verður ekki fram hjá því gengið, að oft og tíðum virðist í þer ráðist að lítt athuguðu máli. Má finna þess mörg dæmi, bæði um einstakar framkvæmdir og heilar stofnanir, að vinna er hafin við þær án þess menn hafi gert sér þess fulla grein, hvernig háttað yrði síðari áföngum eða hversu reketrinum yrði heppilegast fyrir komið. Hefir oft leitt af þessu kostnaðarsamaf breytingar á mannvirkjum eftir að rekstur er hæfinn, eða óþarflega háan reksturskostnað.

Virðist nauðsynlegt að vanda betur en yfirleitt hefir verið gert allar áætlanir um verksvið og fjárhagsgrundvöll þegar ráðist er í að koma á fót nýjum stofnunum eða byggingum, svo að örugglega verði um það dæmt áður en til framkvæmda kemur, hvort þeim sé frá byrjun hagið í samræmi við framtíðarþörf.

Umframgreiðslur á ríkisreikningi.

Umframgreiðslur hafa um langa hrif verið svo algengar á ýmsum liðum ríkisreiknings, að þær teljast ekki frammar til undantekninga. Hefði mátt venta þess að þær hyrfu að mestu leyti þegar verðlag var nokkurn veginn stöðugt, svo sem verið hefir nú síðustu árin. Reyndin hefir samt orðið önnur, þótt nokkuð hafi áunnist.

Ástæður til umframgreiðslna geta verið ærið margvíslegar, og verður hér á eftir rætt um ýmsar þeirra og hvera við þeim skuli snúist.

Algengt er, að rekstursfjárveitingar til einstakra stofnana séu nokkra lægri en forstjóðumenn stofnanna hafa farið fram á. Frá fræðilegu sjónarmiði má greina hér á milli nokkurra tilvika:

1. Fjárveitingavaldið telur - með réttu eða röngu - að áætlun forstjóðumanna sé óþarflega há.
2. Fjárveitingarvaldið rengir að vísu ekki áætlunina, en gerir sér vonir um að með sérstakri ráðdeild megi komast af með minna fé en um er beðið.
3. Fjárveitingarvaldið ákveður fjárveitingu af ráðnum hug of lága vegna þess, að það vantroystir forstjóðumanni til þess að geta fengins fjár.

Sé nú fjárveitingin raunverulega of lág, eða skorti eitt-hvað á hagsýni forstjóðumanns, er umframgreiðsla óhjákvæmileg. Hið eina ráð, sem að haldi kemur, er að fjárveitingarvaldið öðlist örugga þekkingu á raunverulegri fjárþörf hverrar stofnunar og ákveði fjárveitingar í samræmi við þá þekkingu. Fáist þannig almenn viðurkenning á því, að rekstursfjárveitingar séu ávallt nægilega háar, etti jafnframt að skapast það aðhald um meðferð fjárins, að komið yrði í veg fyrir umframgreiðslur vegna óþarfa

eyðslu. Stofnun sú til eftirlits með opinberum rekstri, sem um færðir á öðrum stað í álitinu þessu, yrði fjárveitingavaldinu án efa til mikils stuðnings í þessu efni.

Nokkuð aðrar ástæður liggja til umframgreiðslna á liðnum "Annar kostnaður ráðuneytanna" (lo. gr. j.), sem hefir farið verulega fram úr áætlun undanfærinn árs. Í ríkisreikningi hefir liður þessi farið hækkanði ár frá ári, fjárveitingin hefir að vísu hækkað líka, en þó jafnan verið mun minni en notað var næsta ár á undan og því alltaf fyrirsjáanlega of lág. Fjárveitingarvaldinu hefir að sjálfsögðu verið þetta ljóst, en það hefir hvíkað vegna þess, að á þingi er jafnan deilt meira á einstakar hækkanir á fjárveitingunum en umframgreiðslur á ríkisreikningi. Um ýmsa aðra liði fjárlaga gegnir að mestu sama máli, þótt ekki séu nefndir hér sérstaklega, enda flestir smærri. Meðan fjárveitingarvaldið sjálft sniðgengur þannig þá meginreglu að miða fjárveitingar við raunverulega þörf, er þess ekki að venta að aðrir telji sér skylt að fylgja fjárlögum stranglega.

Þé það sem veitt er á 19. gr. fjárlaga til óvissra útgjalda, hefir jafnan reynst allt of lítið, m.a. af þeirri ástæðu, sem nú var nefnd. Ýmsar þær greiðslur, sem á þennan lið eru færðar nema nú verulegum fjárhæðum á hverju ári og geta varla talizt óvissari en margskonar kostnaður annar, sem fé er veitt til sérstaklega. Má þar til nefna bifreiðakostnað stjórnarráðsins, nefndarkostnað ýmisskonar, kostnað við álitagerðir og kostnað við lagafrumvörp og reglugerðir. Virðist ástæða til þess að fé sé veitt sérstaklega til slíks kostnaðar, og ekki sé fært á þennan lið annað en það, sem raunverulega má telja ófyrirsjáanleg útgjöld.

Á síðari árum hefir það mjög farið í vöxt, að ríkisstjórnin

fá í 22. gr. fjárlaga heimild til að verja fé úr ríkissjóði í ýmsu skyni án þess að um raunverulegar fjárveitingar sé að ræða. Þegar svo heimildirnar eru notaðar, kemur það fram sem umfrangreiðsla á ríkisreikningi og nemur oft verulegum fjárhæðum. Verði haldið áfram á þessari braut, hlýtur það að leiða til ófarnaðar, þar eð það losar um tengslin milli fjárlaga og ríkisreiknings og dregur úr árvækni manna um að forðast umfrangreiðslun. Séu slíkar heimildir til handa ríkisstjórninni samt taldar nauðsynlegar, á að ákveða þær með sérstökum lögum, enda yrðu þær þá án efa ferri en nú er og yrðu ekki veittar nema brýn nauðsyn krefði.

Ýmsir stórir útgjaldaliðir ríkissjóða eru ákveðnir með sérstökum lögum án þess séð verði nákvæmlega fyrirfram, hve miklum fjárhæðum þeir muni nema og án þess ríkisvaldið geti nokkru um það ráðið. Leiðir það stundum til verulega umfrangreiðslna, ef slíkir liðir eru ástlæðir of lágt á fjárlögum. Sem dæmi má nefna jarðræktarstyrk, ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla, kennaralaun við barnaskóla og rekstrarkostnað barnaskóla. Hvarvetna myndi það þykja getilegri fjármálastjórn, að áætla slíka liði fremur of háa en of lága.

Svo sem hér hefir verið sýnt fram á, eru margvíslegar ástæður til umfrangreiðslna og ekki til neitt ráð, sem eitt dugi gegn þeim öllum. En þýðingarmest er hér sem endranær, að hin eðsta stjórn ríkisins gangi á undan með góðu fordæmi.

III. kafli.

Póstmál:

Samkvæmt ríkisreikningum nokkurra undanfarandi ára, hefir orðið verulegur halli á rekstri póstmálanna.

Á árinu 1952 var rekstrarhallinn kr. 851.516.11 en á árinu 1953 var hann kr. 1.041.974.47.

Orsakir til þessa rekstrarhalla eru fyrst og fremst þær, að allur tilkostnaður við póstmálin hefur hækkað stórlega að undanfögnu og ekki hefur tekizt að ráða þar bót á þrátt fyrir nokkra hækkun póstgjalda. Hallinn hefur og stöðugt aukizt.

Af ríkisreikningnum má og sjá, að kostnaður við póststofuna í Reykjavík nemur nær helmingi af rekstrarkostnaði við póstmálin.

Póststofan þar er í gömlu húsi, sem orðið er of lítið til að fullnægja sem skyldi vaxandi póstflutningum. Innréttingar eru og fjarri því, að vera hagkvæmar, og vinnuskilyrði því ekki góð. Endurbætur á þessu sviði mundu ventanlega eitthvað draga úr hinum mikla rekstrarkostnaði póststofunnar, og ber að vinna að því að svo verði gert.

En þótt byggt yrði á næstunni eða tekið til afnota nýtt pósthús í Reykjavík má þó ekki stla að kostnaður eða rekstrarhalli á þessum lið fjárlaganna að söru óbreyttu mundi minnka. Að venju má engu að síður gera ráð fyrir því, að kostnaður og þá rekstrarhalli fari enn vaxandi vegna meiri og betri póstpjónustu.

Eins og áður hefur verið gert grein fyrir telur sparnaðarnefndin sig ekki hafa aðstöðu til að benda á einstök atriði til sparnaðar í rekstri póstmálanna. Aftur á móti er ljóst, að ekki er hægt að halda áfram vaxandi rekstrarhalla á þessu sviði. Virð-

ist því óumfjýjanlegt, að farin verði sú leið, að gjöld fyrir póstpjónustu verði hækkuð svo, að þau standi undir þeim kostnaði, er af póstpjónustunni leiðir.

Á það má og benda, að póstgjöld hafa ekki hækkað í samræmi við fjárfélaganna annan kostnað. Nokkur hækkan þessara gjalda mundi og vart leiða til þess, að pósturinn yrði minna notaður en áður.

Sparnaðarnefnd leggur því til, að gjöld fyrir þá þjónustu, sem pósturinn létur í té, verði hækkuð svo, að tryggt sé, að ekki verði rekstrarhalli á þessum lið fjárfélaganna.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins.

Árið 1950 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp, sem fóll í sér sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins í eina stofnun. Upp í frumvarp þetta voru tekin helztu ákvæði gildandi laga um stofnanirnar. Í athugasendum með frumvarpinu var sagt, að gert væri ráð fyrir nokkrum sparnaði af sameiningunni, og tekið fram að frumvarpið væri undirbúið í samráðum við forstjóra stofnananna. Virtist málið því nægilega undirbúið til þess að það næði fram að ganga. Reyndin varð þó önnur, þar eð nefnd sú, er fyrst fékk það til meðferðar í þinginu, skilaði aldrei álit um það. Hefur málinu ekki verið hreyft síðan á þingi.

Sparnaðarnefndin leggur eindregið til, að þetta mál verði nú tekið upp að nýju. Þar eð í ráði mun að hefja á næstunni byggingu húss fyrir Áfengisverzlunina, er nauðsynlegt, að sameiningin verði ákveðin hið fyrsta, ef taka á tillit til þarfa beggja stofnananna við bygginguna, svo sem sjálfsagt er, ef úr sameiningunni verður.

8. gr.

Kostnaður við mótstu stjórn landsins.

Nefndinni þykir ekki tilhlýðilegt að gera athugasemdir við þennan kostnaðarlið, enda þótt umframgreiðslur hafi verið verulegar síðustu árin.

10. gr. III. Utanríkisráðuneytið.

Sendiráðin.

Kostnaður við sendiráðin hefur numið 4.330 þús. kr. árið 1953. Nefndin treystir sér ekki til að gera ákveðnar tillögur um sparnað á þessum lið, en telur, að athuga beri gaumgæfilega hvort ekki sé tiltækilegt að sameina sendiráðin á Norðurlöndum.

Þátttaka í alþjóðaráðstefnum.

Frá stríðslokum hefur Ísland gerzt þátttakandi í margháttari alþjóðasamvinnu. Á sumum sviðum höfum við haft ótvíttætt gagn af þessari samvinnu og er sjálfsagt að halda henni áfram.

Á öðrum stað í tillögum sparnaðarnefndarinnar verður rætt nánar um þá alþjóðasamvinnu, sem nefndin telur að Ísland geti hætt að skaðlausu.

Sparnaðarnefndin er þeirrar skoðunar, að ofrausnar hafi gætt í sendingu fulltrúa á fjmsar alþjóðaráðstefnur, sem haldnar hafa verið innan samtaka þessara og þá fjmist að fulltrúi eða fulltrúar hafa verið sendir að þarflausu eða þá óþarflega margir fulltrúar hafa gætt hagemuna Íslands.

Hér fer á eftir skýrsla um kostnað við alþjóðaráðstefnur

árin 1952 og 1953:

	Fjárl.	Reikn.
1952 lo. gr. III. 11. Kostnaður v/páttt. í alþjóðaráðst. á vegum utanríkis- ráðuneytisins	600.000.00	725.762.00
" lo. gr. III. 14. Kostn. við alþjóða- ráðst. á vegum annara en utanríkis- ráðun. og annar utanfararkostn.	<u>200.000.00</u>	<u>287.701.00</u>
	<u>Kr. 800.000.00</u>	<u>1.013.463.00</u>
	Fjárl.	Reikn.
1953 lo. gr. III. 12. Kostn. v/páttt. í alþjóðaráðst. á vegum utanríkis- ráðuneytisins	500.000.00	658.660.00
" lo. gr. III. 15. Kostn. við alþjóða- ráðst. á vegum annara en utanríkis- ráðun. og annar utanfararkostn.	<u>200.000.00</u>	<u>229.765.00</u>
	<u>Kr. 700.000.00</u>	<u>888.425.00</u>

Sparnaðarnefndin leggur til að dregið verði verulega úr þessum utanferðum á kostnað ríkissjóðs og starfsmönnum sendiráðanna falið að gæta hagamuna Íslands á ráðstefnum þessum eins og frekast er unt.

11. gr. A.

Dómgeisla og lögreglustjórn.

Kostnaður við Hæstarétt og embætti borgardómara, borgarfógeta, sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík varð árið 1953 tæplega 5. millj. kr.

Kostnaður við allar þessar stofnanir hefur farið vaxandi undanfarandi ár og mun fyrirsjáanlegt, að hann eykst enn á næstunni. Verður ekki við það ráðið, að verkefnin aukast stöðugt. Aðbúnaður að þessum stofnunum, að undanskildum Hæstarétti, er heldur ekki sá að til frambúðar geti talist, og fyrirsjáanlegt að leggja verður í allmikinn kostnað þess vegna á næstunni. Sem dæmi má nefna, að veðmálabækur borgarfógetaembættisins eru geymdar í opnum skápum óvarðar gegn eldsvoða.

Ákveðið er að byggja á næstu árum nýja lögreglustöð, og mun það trúlega auka reksturskostnað embættisins, sem nú býr alltof þröngt í sínu gamla húsi.

Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustj. utan Reykjavíkur.

Kostnaður á árinu 1953 var 4,7 millj. kr. eða nær jafnmikið og þær fimm stofnanir, sem áður voru nefndar.

Af þessum kostnaði greiddi Tryggingastofnun ríkisins 500 þús. kr. fyrir störf unnin í hennar þágu. Meistar hluti kostnaðarins eru beinar launagreiðslur, og gegnir þar sama máli og um aðrar stofnanir, að nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að sannprófa nauðsyn mannahaldsins. Um skipulagsbreytingu á þessum embættum telur nefndin ekki vera að reða.

Lögreglukostnaður

hefur numið rúmlega 5,0 millj. kr. á árinu 1953. Það mun

flestra máli, að fremur sé nauðsyn á aukinni löggæzlu, og er nefndin einnig þeirrar skoðunar.

Hinsvegar telur nefndin rétt að athuga, hvort ekki sé hægt að sameina/ab einhverju leyti tollgæzlu og löggæzlu, bæði almenna gæzlu og sumargæzlu í verstöðvum, en til hennar hefur verið veitt nokkuð fé undanfarin ár.

Sá hængur kann að þykja á slíkri sameiningu, að störf þessi heyra hvort undir sitt ráðuneyti, en sama máli gegnir um störf sýslumanna og fleiri embattismanna og þykir vel gefast.

Nefndin telur miklar líkur til að með meiri samræmingu þessara verkefna mætti í senn spara og fá öruggara eftirlit.

Vinnuhælið á Litla-Hrauni.

Rekstrarhalli vinnuhælisins hefur að undanförmu farið nokkuð fram úr áætlun fjárlaga, meðfram vegna þess að tekjur hafa orðið minni en áætlað var. Aðaltekjustofninn hefur verið vikursteypa. Þess mun varla að vænta að tekjur hennar aukist á ný nema hún fái til umráða ný og betri tæki, enda er framleiðslan lélegri að gæðum en aðrar samþerilegar vörur á markaðnum nú. Virðist ekki úr vegi að leitað sé nýrra verkefna til að nýta vinnu fanganna, sem e.t.v. getu skilað meiri hagnaði en vikursteypan. Búrekstur mun að vísu hafa verið aukinn allmikið, en ekki er enn séð, hversu hagkvæmur hann reynist fjárhagslega.

Landhelgisgæslan.

er stærsti liðurinn á þessari grein, kostaði rúmlega 11 millj. kr. á s.l. ári. Nefndin treystir sér ekki til að gera tillögur um sparnað á þessum lið.

11. gr. B.

Opinbert eftirlit. Liður 1 og 2.

Skipaskoðun og Öryggiseftirlit.

Svo virðist sem þessir liðir séu mjög svipaðs eðlis og hefði því verið heppilegt að sameina þá undir eina yfirstjórn. En þar sem nýlega hafa verið settar í embætti skipaskoðunarstjóra og öryggismálastjóra menn á besta aldri, er nefndinni ljóst að ekki muni verða af sameiningu á næstunni. Og minnkandi eftirlit kemur að sjálfsögðu ekki til mála, heldur Yveri fremur þörf á auknu eftirliti vegna stöðugt vaxandi skipastóls og notkunar hverskonar véla. Þá er og brýn þörf á auknu eftirliti með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum, því alys, sem rekja má til lélegs öryggisbúnaðar við ýmskonar verk, eru hér alltof tíð.

Hins vegar sýnist sjálfsagt að hækka eftirlitsgjöldin svo að nægi til þess að standa straum af kostnaðinum við eftirlitið, svo ríkissjóður hafi ekki af því beinan kostnað, enda mun það hafa verið etlun löggjafans, þótt gjaldskrá hafi ekki verið látin fylgja eftir hækkingu verðlagi.

Liður 3.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Í sparnáðarnefndinni kom fram uppástunga um það að leggja bifreiðaeftirlitið niður í því formi, sem það hefur verið. Sú tillaga byggðist á því, að þar sem skoðun bifreiða hefur verið gerð aðeins einu sinni á ári, og því ekki tekið nema tvo til þrjá mánuði að skoða allar bifreiðir í landinu þá hefðu skoðunarmennirnir, sem allir eru á föstum launum, lítil verkefni meiri hluta ársins, og auk þess leiddi það fyrirkomuleg af sér hættu

á að eigendur bifreiða hugsuðu einungis um að hafa bifreiðirnar í lagi þá daga, sem skoðun ferri fram, en hirtu ekki um þó meira eða minna væri í ólagi alla aðra daga ársins.

Tillögumenn ætluðust til að bifreiðaeigendur væru skyld-
aðir til að láta viðgerðaverkstæði athuga bifreiðarnar nokkrum
sinna á ári og gefu þau út vottorð um það að bifreiðirnar væru
í lagi og þessi vottorð skyldu eigendur sýna vegaeftirlits-
mönnum og götulögreglu hvenær sem krafist yrði.

Lögreglustjórnin í Reykjavík mætti á fundi hjá nefndinni
til umræðu um þessi mál, og þá upplýsti hann að veruleg breyt-
ing væri nú orðin á störfum bifreiðaeftirlitsmanna frá því, sem
verið hefði. Nú væru margir eftirlitsmenn alltaf átti á þjóð-
vegum til eftirlits, og auk þess væru bifreiðir skoðaðar eftir
en áður hefði tókast. Taldi hann að hin nýja skipan væri stórt
spor í átt til aukins öryggis.

Að þeim upplýsingum fengnum féll nefndin frá því að gera
tillögur um breytta skipan þessara mála.

Eftirlit með skipul. bæja og ^{þorpa}hreppa. Liður 5.

Í fljótu bragði virðist sem spara hefði mátt nokkuð með
því að sameina embætti skipulagsstjóra og húsameistara ríkis-
ins. En nýafstaðin skipun ungra manna í bæði þessi embætti bendir
til þess, að stjórnarvöldunum hafi sýnt annað, og gerir nefndin
því engar tillögur um það.

Kostnaður við mat á afurðum. Liður 7.

Einsetti er að ekki má draga úr eftirliti með afurðafra-
leiðslu, því það er allra hagur, að sem best sé vandað til með-
ferðar varanna, hvort sem þær eiga að seljast innanlands eða
utan.

Afurðamat á að stuðla að því, að vörurnar verði betri, og því seljanlegri fyrir herra verð, en ef meira eða minna væri ábótavant um meðferð þeirra. Af því leiðir, að ekki væri óeðlilegt að reiknuð væru matagjöld afurða, sem koma upp í kostnaðinn við matið að öllu leyti.

Á árinu 1953 reyndist kostnaður ríkissjóðs af afurðamati ca. 1,3 millj. kr.

Sparnaðarnefndin vill vekja athygli á þeim möguleika að létta af ríkissjóði þessum kostnaði á þann hátt, sem áður er getið.

Liður 9.

Sparnaðarnefndin leggur til, að eftirlit með opinberum sjóðum verði lagt niður í núverandi formi, og falið endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Liður 11.

Nefndin leggur til, að sparisjóðseftirlitið verði lagt niður, og látið sitja við endurskoðun þá, sem alls staðar er framkvæmd af mönnum tilnefndum af sýslunefndum, og aðalreikninga þá, sem sparisjóðir eru skyldaðir til að senda ráðuneytinu.

Húsaleigufeftirlit. Liður 12.

Í upphafi síðari heimsstyrjaldar varð verulegur skortur á íbúðarhúsnæði í kaupstöðum og stærri kaupsýslum landsins. Voru orsakir meðal annars þær, að byggingarefni hækkaði verulega og örðugleikar á útvegum þess og því minna byggt en ella. Auk þess óx eftirspurn eftir húsnæði vegna dvalar hins erlenda setuliðs í landinu.

Þótti því nauðsyn til bera að setja lög um takmarkanir á

ráðstöfunarrétti húseigenda yfir húsnæði og bann við hækun á húsaleigu, og í því sambandi voru settar á laggirnar húsaleigunefndir til úrskurðar og eftirlits. Kostnaður við nefndir þessar var greiddur úr ríkissjóði.

Meginlöggin frá þessum tíma eru lög nr. 39/1943. Með lögum nr. 56/1950 var slakað nokkuð til á ákvæðum húsaleigulaganna frá 1943, og við það miðað, að bindingarákvæði þeirra um ráðstöfun húsnæðis féllu úr gildi smátt og smátt og að fullu 14. maí 1952. En jafnframt var bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að ákveða að tiltekin ákvæði laganna skyldu gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög, og fram tekið, að eftir það beri viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðum að greiða allan kostnað af framkvæmd laganna. Mún ætlunin hafa verið að fella með þessu niður kostnað ríkissjóðs af húsaleigumálum. Reyndin varð þó önnur.

Á árinu 1951 voru sett bráðabirgðalög um hámark húsaleigu, sbr. nú lög nr. 30/1952, er enn gilda. Í þessum lögum er gert ráð fyrir, að húsaleigunefndir hafi eftirlit og úrskurðarvald um hámark húsaleigu. Engin grein er gerð fyrir því hvernig húsaleigunefndir þessar skuli skipaðar né hver eigi að greiða kostnað þeirra vegna. Hefur því í framkvæmdinni verið litið svo á, að hér beri að fara eftir ákvæðum laganna frá 1943 um skipun nefndanna og kostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Málum er því svo háttað nú, að enda þótt húsaleigulöggin séu að mestu úr gildi felld, hefur ríkissjóður enn verulegan kostnað af húsaleigunefndum. Þessi kostnaður virðist með öllu óþarfur.

Sparnaðarnefnd leggur því til, að gildandi lögum varðandi húsaleigu verði breytt hið allra fyrsta á þann veg, að kostnaður ríkissjóðs af þessum málum verði alveg felldur niður. Þyki

ástæða til að hafa í lögum ákvæði um húsaleigunefndir er eðlilegast að kostnaður við þær sé greiddur úr viðkomandi bæjar- eða sveitaráæði.

Yfirlit.

Um kostnað við húsaleigunefndir tímabilið '44 - '53.

Árið 1944	kr.	163.394.00
- 1945	-	172.409.00
- 1946	-	196.465.00
- 1947	-	217.822.00
- 1948	-	239.274.37
- 1949	-	217.238.70
- 1950	-	220.076.75
- 1951	-	236.241.63
- 1952	-	236.126.88
- 1953	-	230.449.26
		<hr/>
<u>Alls</u>	<u>kr.</u>	<u>2.129.497.59</u>

II. gr. C.

Tollgæslan.

Um tollgæzluna gerir nefndin ekki áærar tillögur en þá sem áður er nefnd um sameiningu eða samræmingu tollgæslu og löggæslu.

Enginn vafi er á því, að úflug tollgæsla borgar sig með auknum tolltekjum ríkissjóðs, og ber því að varast hverja þá sparnaðarráðstöfun, sem hefði í för með sér lélegri gæslu en nú er.

Laun skattanefnda.

Samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt, taka undirskattanefndir laun með tvennu móti. Aðalreglan er sú, að þær fá ákveðna prósenttölu af álöggðum sköttum en hins vegar skal þóknun þeirra þó ekki vera innan við vissa upphæð fyrir hver dag, er nefndirnar vinna við skattana. Yfirskattanefndir fá ákveðið dagkaup.

Reyndin hefur orðið sú, að mjög mikið ósamræmi er í greiðslum til skattanefnda. Stafar þetta fyrst og fremst af því, að tíminn, er þær telja sig hafa þurft til álagningar skattanna, er mjög misjafn, þótt um svipaða tölu skattgreiðenda sé að ræða. Í mörgum sveitarfélögum fer þóknunin langt fram úr 4 % af skattinum.

Nefndin telur nauðsynlegt að breyta þessum launagreiðsluákvæðum þannig að launagreiðslurnar verði ekki eins handahófskenndar. Nefndinni er ljóst, að svo getur verið, að prósentureglan ein sé ekki réttlát, því að oft getur verið meiri vinna að leggja skatt á mann með litlar tekjur en háar. Telur nefndin því rétt að athuga hvort ekki eigi að greiða þóknunina eftir tölu gjaldenda. Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvort þessi breyting myndi leiða til teljandi sparnaðar, en hvað sem því líður er ljóst, að hið mikla ósamræmi nú í launagreiðslum til skattanefnda gerir nauðsynlegt að koma þessu máli í betra horf.

Nefndin vill enn fremur vekja athygli á, að í nýútgefnum skattalögum eru tekin upp óbreytt ákvæði gömlu laganna um krónutölu dagkaups skattanefnda, enda þótt þau séu nú úrelt fyrir löngu.

Vegamál.

Kostnaður af vegamálum nemur verulegri hundrabstölu af heildarupphæð fjárlaga hverju sinni. Sakir sterðar landsins og strjálbýlis er óumflýjanlegt að verja miklu fé til þessara mála. Skiptir þá verulegu máli, að fé þessu sé sem best varið og komi að sem mestum notum.

Skv. 13. gr. fjárlaganna er ráð fyrir því gert að unnið sé að lagningu á annað hundrab vega árlega. Til skamms tíma hefur ekki verið alls kostar óeðlilegt að slíkur háttur væri á hafður. Þörf nýrra vega var á ótalmörgum stöðum brýn og aðkallandi, auk þess gat vegavinnan verið nokkurs konar atvinnubótavinna á hverjum stað.

Á þessu hefur nú breyting orðið, síðan stórvirkar vélar hafa verið teknar til afnota við vegagerðina. Er svo komið, að venjuleg verkamannavinna er aðeins hverfandi hluti af kostnaði vegamála. Vélarinnar hirta nú meginhluti af fjárhæðinni. Þetta hlýtur að sjálfsegðu að hafa í för með sér verulega breytingu um framkvæmd vegamálanna ef vel á að vera. Mest aðkallandi vegalagningum er og að nokkru lokið. Allt kapp verður því að leggja á að hagnýta vélarinnar sem best og eyða sem minnstu í kostnað við flutning þeirra, og koma verður í veg fyrir að flytja þurfi þær, ásamt öðrum nauðsynlegum útbúnaði, á milli fjarliggjandi staða, oft á ári, því að slíkt hefði óhæfilegan gagnslausan kostnað í för með sér.

Margskipting Alþingis á vegafénu getur því orðið þrándur í götu eðlilegrar þróunar og hagrænnar vélanotkunar í þessum efnum. Er því nauðsynlegt að taka nú upp skynsamlegri dreyfingu á fé til vegamála en hingað til hefur tífkast með tilliti til beztrar hagnýtingar hinna stórvirku véla. Virðist eðlilegt, að tekinn yrði upp sá háttur, að Alþingi legði aðeins línurnar í

stórum dráttum um það, hvar skyldi unnið að vegalagningu árlega, en vegamálastjóri hefði svo óbundnar hendur um lagningu hinna ýmsu smávega á því svæði. Etti þetta að geta leitt til hagkvæmari vinnubragða og betri nýtingu vélanna og koma í veg fyrir kostnaðarsaman flutning þeirra.

Vill sparnaðarnefnd leggja til, að þetta verði tekið til sérstakrar athugunar.

Þá vill og nefndin vekja athygli á, að þörf á því að halda akvegum færum í snjóvetrum er nokkuð mismunandi. Efstaka vegum verður að leggja allt kapp á að halda opnum til umferðar, svo sem mjólkurflutninga leiðum. En á sumum öðrum leiðum virðist mega sýna meira hóf um snjómokstar, en stundum hefur verið gert. Verður að telja, að í því efni hafi vegamálastofan sýnt ofrausn, sem ekki eigi rétt á sér.

Skipaútgæð ríkisins.

Það er alþekkt, að hallarekstur skipaútgæðar ríkisins hefur löngum orðið tilefni mikilla deilna og bollalegginga um það, hvort ekki væri unnt að létta þessum bagga af ríkissjóði. Er þess skemmt að minnst, að tvívegis hefur komið fram á þingi frumvarp um að útgæðin verði lögð niður, en skipin afhent öðrum skipafélögum, Eimskipafélagi Íslands og Skipadeild SÍS. Í bæði skiptin hefur málið verið fellt án athugunar í nefnd, og hefur Alþingi þar með lýst mjög greinilega þeirri stefnu sinni, að ríkissjóður skuli framvegis sem hingað til veita strjálbýli landsins þann stuðning, er í greiðslu rekstrarhallans fellst.

Það hefur því eðlilega ekki komið til álita hjá nefndinni, hvort auðið myndi að minnka rekstrarhallann með því að draga verulega úr þjónustunni. Hins vegar þótti nefndarmönnum rétt að forvitnast um, hvort áðurnefnd skipafélög, myndu veita þess

nokkurn kost að taka að sér reksturinn með óbreyttri þjónustu og gjaldskrá og án opinberra styrkja. Í tilefni af því, hafði formaður nefndarinnar tal af framkvæmdastjórum þessara fyrirtækja, en fékk þau svör, að hvorugur aðilinn hefði gert sér neina grein fyrir málinu, og voru þeir allsendis óviðbúinir því að veita neinar þær upplýsingar, er að haldi koma í þessu efni. Taldi þá nefndin ekki ástæðu til að sinna þeirri hlið málsins frekar.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að hagkvæmt myndi vera að selja m/s Esju, og hefur nefndin reynt að gera sér nokkra grein fyrir því. Esja er elzt strandferðaskipanna, um 15 ára gömul, og mætti því efla að hún væri þeirra óhagstæðust í rekstri. Svo hefur þó ekki verið yfirleitt, t.d. var á s.l. ári rekstrarhalli strandferðaskipanna fjögurra (Heklu, Esju, Herðubreiðar og Skjaldbreiðar) því nær hinn sami hlutfallslega miðað við brúttógjöld.

Á síðastliðnum 12 árum hefur viðkomufjöldi strandferðaskipanna, flutningsmagn og farþegafjöldi verið sem hér segir:

Ár.	Viðkomur.	Vörur tonn.	Farþegar.
1942	1836	45.610	18.936
1943	1976	50.373	20.036
1944	2454	43.736	25.925
1945	2334	47.622	17.253
1946	2284	36.179	13.756
1947	1887	34.492	18.191
1948	2302	38.275	19.946
1949	2902	47.082	22.348
1950	3005	35.543	26.579
1951	3304	40.699	23.971
1952	2560	32.048	17.412
1953	3343	36.748	19.554

Tafla þessi sýnir, að þrátt fyrir aukinn skipakost og mjög aukinn viðkomufjölda hefur farþegaflutningur haldist nær óbreyttur, en vöruflutningar hafa minnkað verulega. Ef frá eru taldir farþegar í utanlandsferðum kemur í ljós, að farþegum í strandferðum hefur fækkað lítið eitt á tímabilinu.

Augljóst er, að vöruflutningunum mætti sinna með mun minni skipakosti en fyrir hendi er. Farþegaflutningana þarf hins vegar að athuga nokkra nánar. Stærri skipin Hekla og Esja, annast nú mjög mikinn hluta þeirra. Þau koma einkum á hinar stærri hafnir, sem flestar eiga að sumarlagi kost á samilega öruggum samgöngum á landi eða í lofti. Þann tíma árs eru farþegarúm skipanna hvergi nærri fullskipuð að jafnaði, enda hefur það ráð verið tekið undanfarið ár, að setja annað skipið í utanlandssiglingar að sumrinu vegna verkefnaskorts í strandferðum. Að vetrarlagi leggjast bifreiðaferðir niður víða um land, nema sérlega vel ári, og flugsamgöngur eru þá mjög ótryggar. Skipin eru þá oft fullskipuð farþegum, og geta jafnvel ekki annað farþegaflutningum, þegar þörfin er mest.

Af þessum ástæðum er ekki rétt að breyta skipastólnum þannig að möguleikar hans til farþegaflutninga að vetrarlagi rýrni, nema beinlínis sé gert í sparnabarskyni. Miklu minna máli skiptir það, þótt skipin gætu ekki annað vöruflutningum stuttan tíma árs, þegar þeir eru mestir, þar eð gnægð fiskiskipa er þá jafnan fánæg til þeirra flutninga.

Hér er þá, í stuttu máli sagt, við þann vanda að stríða, að burðarmagn skipanna er óþarflega mikið, og farþegarýmið nýttist ekki til fulls nema nokkurn hluta árs.

Úr þessu hefur, svo sem áður er sagt, verið reynt að bæta með því að setja Heklu í utanlandssiglingar að sumrinu. Gekk það allvel um nokkur ár, en að undanförunu hefur orðið tap á þeim

ferðum. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði má efalaust telja hagkvæmt, að Íslendingar annist sjálfir siglingar að landinu og frá, jafnvel þótt halli verði á rekstrinum. En sé sá hallareketur af ráðnum hug lagður á Skipaútgerð ríkisins, má segja að verksvið hennar sé orðið viðtakara en talið hefur verið til þessa.

Til greina gæti komið, að leigja annað stórra skipið til útlanda um sumartímann. Virðist ekki ósennilegt, að einhver staður á fjölfarinni ferðamannaleið, t.d. við strendur Evrópu, sé verkefni fyrir slíkt skip. Vanlegra myndi þó um slíka leigu á skipinu, ef það væri nær eingöngu byggt sem farþegaskip. Vaknar þá sú spurning, hvort ekki myndi hagkvæmt að selja Esju, en byggja í hennar stað nýtt skip, er tæki álfka marga farþega en hefði mun minna lestarrými.

Enn er svo hugsanlegt að betur mætti nýta flutningsgetuna, ef byggð væru 2 lítil skip í stað Esju, en hæpið er þó að tekist að leigja slík skip úr landi um sumartímann.

Með tilliti til framfara í flugmálum á síðustu árum virðist ekki ósennilegt að innan fárra ára megi venta ^{semi} sennilega öruggra flugsamgangna um landið jafnt sumar og vetur. Getur því vart talizt göbgá, þótt strandferðaskipunum veri nú fækkað t.d. með sölu elzta skipsins og þannig dregið úr þjónustunni í sparnaðarskyni.

Sparnaðarnefndin hefur ekki haft aðstöðu til þess að rannsaka þetta mál nánar, en telur mjög nauðsynlegt, að ítarleg athugun fari fram á því hið fyrsta.

Vitamál og hafnargerðir.

Stórum fjárhæðum er varið til þessara mála árlega, og skiptir því miklu, að fé þetta komi að sem mestum og bestum notum.

Dreifing fjármunanna á marga staði, eins og mjög hefur

lífkast til þessa, leiðir af sér, að lítið er gert á hverjum stað, vinna ódrjúg og dýr og efni fer til spillis. Að því verður að miða af hálfu Alþingis og þeirra, sem með framkvæmdir fara, að hér verði breyting á til bóta. Færri verk verði höfð undir í einu, en meira kapp á það lagt að fullgera ákvörðuð mannvirki á nokkrum stöðum, hverju sinni svo sem kostur er. Með því mundi vinna, vélar og fjármunir nýtast best.

Borið hefur við, að ýmis hafnarmannvirki, sem unnið hefur verið að, hafa skemmt að haustinu eða fyrri hluta vetrar. Vera má að ónógum undirbúningi eða skorti á nákvæmni við skipulagningu verksins hafi verið um að kenna, og verður að gjalda varhuga við slíkum vinnubrögðum. Orsaka mun þó ekki síður að leita til þess, að sakir dreifingar framkvæmdanna hafi vinna hafist síðar á árinu en skyldi og ekki unnist tími eða fjármuni skort, til að ganga örugglega frá mannvirkinu, áður en veður ferri versnandi og vaxandi sjógangur hafist. Verður að forðast að slíkt endurtaki sig. Nauðsyn ber til, að allur undirbúningur að framkvæmd hafnarmannvirkja sé í hvívetna gerður af nákvæmni og hagsýni, og að mannvirkjagerð unnið á hagkvæmasta tíma ársins.

Vel virðist koma til greina, að verk séu boðin út og þau þá unnin af öðrum aðilum en vitamálaskrifstofunni, og eru færð rök fyrir slíkri framkvæmdartilhögun annars staðar í tillögum sparnaðarnefndar. Þegar um slíka framkvæmd væri að ræða, yrði starf vitamálaskrifstofunnar fyrst og fremst það, að leggja til öruggar teikningar og hafa traust ^{erhætt} ~~því~~ með verkinu.

Til umræðu kom hjá nefndinni, hvort uppmokstrarskipið "Grettir" væri af þeirri gerð, sem hagkvæmst væri fyrir vitamálaskrifstofuna í sambandi við hafnargerðir. Rekstrarkostnaður þess skips hefur verið mjög mikill og starfatími þess á hverju ári takmarkaður. Var á það bent, að ástæða hefði þótt til að

taka á leigu sanddæluskip það, sem vann hér við land vegna hinnar væntanlegu sementsverksmiðju, til að dæla burt sandi úr höfninni á Hornafirði.

Sparnaðarnefndin taldi sig ekki hafa þekkingu eða aðstöðu til að gera ákveðna tillögu til breytinga á þessu sviði, en leggur til að athugað verði gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt eða tiltekilegt að selja "Gretti" en kaupa í hans stað annað og hagkvæmara skip fyrir hafnargerðir á Íslandi.

Um fækkun prestakalla.

Samkvæmt lögum um skipun prestakalla, nr. 31. frá 1952, eru prestaköll á landinu 116 að tölmu, þar af 8 í Reykjavík. Ekki eru öll þessi prestaköll setin því að einstaka standa auð eða er þjónað af nágrannaprestum. Mun láta nærri að 110 prestaköll séu setin.

Það liggur í hlutarins eðli, að því fleiri, sem prestaköllin eru í landinu, þeim mun meiri kostnað hefur það í för með sér fyrir ríkissjóð, bæði sakir launagreiðsla til prestanna svo og vegna endurbygginga og viðhalds á prestssetrum.

Fyllsta ástæða er til að etla, að hægt sé að létta svo um munar á kostnaði ríkissjóðs af þessum málum með nýrri og hófsamlegri löggjöf um skipun og fjölda prestakalla.

Kemur þar fyrst og fremst til greina að jafna íbúatölu milli prestakallanna og fækka þeim verulega.

Eins og skipun prestakallanna er nú háttað er mjög mismunandi hve margir íbúar eru í hverju prestakalli.

Í prestakallalögunum er við það miðað, að í Reykjavík séu um 5000 íbúar um hvern prest. En í kaupstöðum utan Reykjavíkur eru 4000 íbúar um hvern prest.

Í greinargerð fyrir frv. að núgildandi lögum um skipun prestakalla var birt eftirfarandi tafla, er sýndi flokkun prestakalla eftir fólksfjölda í árslok 1950 miðað við tillögur millipinganefndar um skipun prestakallanna, en þær voru að mestu samþykktar óbreyttar.

Íbúatala.	Tala prestakalla.
1. Færri en 100	3
2. 100 - 200	6
3. 200 - 300	9
4. 300 - 400	10
5. 400 - 500	21
6. 500 - 600	11
7. 600 - 700	9
8. 700 - 800	5
9. 800 - 900	4
10. 900 - 1000	5
11. Yfir 1000	31

Samkvæmt yfirliti þessu eru 3 prestaköll með færri en 100 íbúa, 46 prestaköll með 100 - 500 íbúa, 44 prestaköll með 500 - 1000 íbúa og 31 prestaköll með yfir 1000 íbúa. Í meðförum þingsins hækkaði tala prestakalla úr 114, eins og nefndin hafði gert ráð fyrir, um 2 upp í 116.

Af yfirliti þessu má glögglega greina, að tala íbúa um hvern prest er yfirleitt mjög lág, langt fyrir neðan það, sem talizt getur forsvaranlegt fjárhagslega séð.

Þess ber þó að gæta, að af löndfræðilegur ástæðum og sakir sangönguferfiðleika verður ekki hjá því komist að hafa einetaka prestaköll mun minna en æskilegt er, og þau yfirleitt eitthvað mismunandi að íbúatölu.

En öll rök hniga að því að prestaköllin verði, eftir því

sem kostur er stækkuð verulega og þá um leið fækkað og leiðir slíkt til þess að prestar verða færri.

Störf þau, sem prestar höfðu að nokkru með höndum áður fyrr og sum til skamms tíma, svo sem afskipti af framfærslumálum, eftirlit með uppfræðslu svo og manntal, hafa minnkað eða verið fengin öðrum aðilum. Stórkostlega bætta samgöngur gera miklu auðveldara en áður fyrir presta að gegna stærri og fjölmennari prestaköllum.

Kirkjuráknir þjóðarinnar hefur og þorrið og prestatalan ein virðist ekki geta þar um bætt.

Sparnaðarnefnd leggur því til, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram ýtarlega athugun um hvort ekki sé fært að draga verulega úr kostnaði ríkissjóðs af prestahaldi með fækkun en stækkun núverandi prestakalla, án þess þó að kristni í landinu þurfi að bíða nokkurt tjón þar af.

Endurskoðun þessi ætti ekki að þurfa að taka langan tíma, og verulegar endurbætur á skipan þessara mála gæti því komið til framkvæmda innan skamms.

Óraunhæfar afstöður og gömul form mega ekki vera því til fyrirstöðu að skynsamlegar endurbætur á þessu sviði nái fram að ganga.

14. gr. B.

Fræðslumál.

Nefndin varði allmiklum tíma í athuganir á framkvæmd fræðslulaganna, þó einkum fjárhagshliðina. Mættu á fundum hjá nefndinni fræðslumálastjóri og Aðalsteinn Eiríksson, námsstjóri hvor í sínu lagi, og bar marga á góma.

Nefndin hugðist gera ítarlegar tillögur um ýmis atriði fræðslumálanna, en áður en því væri lokið voru sett ný lög um fjárhagslega framkv. fræðslulaganna, sem væntanlega bæta verulega úr ýmsum misfellum sem áður voru á framkv. þeirra.

Auk þess hefur námefnanefnd setið á rökstólum undanfarið, og er sparnaðarnefndinni ókunnugt um hverjar tillögur hún gerir. En af þessum ástæðum féll nefndin frá því að gera nokkrar tillögur um fræðslumálin.

16. gr. A.

Meginhluti útgjalda á 16. gr. A. er bundinn með jarðræktarlögum, lögum um jarðræktar og húsaagerðarsamþykktir í sveitum, lögum um Búnaðarfélag Íslands, lögum um landnáam, nýbyggðar og endurbygginga í sveitum, og lögum um sauðfjárveikivarnir.

Nefndin telur sig ekki hafa aðstöðu til að gera tillögur um breytingar á þessum lögum eða sparnað á útgjöldum samkvæmt þeim.

Um nokkra aðra liði þessarar greinar gerir nefndin eftirfarandi athugasemdir.

Jarðræktartilraunir.

Ríkið rekur nú 4 tilraunabú, á Reykhólum, Akureyri, Skriðuklaustri og Sámsstöðum auk skólabúanna á Hólum, Hvanneyri og að Reykjum. Búum þessum leggur ríkið nú til samtals rúml. 1. millj. kr. á ári í stofn- og reksturskostnað. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að þetta fé myndi nýtast mun betur, ef það væri lagt til ferri bú, t.d. tveggja, enda er verkefnið engan veginn svo víðtækt, að ekki megi eins vel sinna því á 2 stórum búum sem á 4 smáum.

Nefndin leggur því til að þau 2 tilraunabú, sem skemmt eru á veg komin í uppbyggingu, verði lögð niður.

Sandgræðsla og skógrækt.

Höfuðhlutverk Skógræktar ríkisins er að vinna að friðun og verndun skógarleifa, innflutningi erlendra trjátegunda og gróðursetning þeirra í skóglendi landsins.

Höfuðhlutverk Sandgræðslu ríkisins er hefting mold- og sandfoks og uppgræðslu örfoka landssvæða með grasfresðningu.

Starfasvið beggja þessara starfsgreina nær yfir allt landið og falla störf hjá báðum starfsgreinum þessum mjög oft saman.

Þeir einir geta veitt þessum starfsgreinum forstöðu, sem hafa alhliða þekkingu á gróðri landsins og kjörum hans. Fastir starfsmenn Skógræktarinnar eru 7 talsins, búsettir víðsvegar um landið. Eðlilegt virðist, að þessum mönnum verði jafnframt falið að annast framkvæmdir fyrir Sandgræðsluna, eftirlit með girðingum hennar og að fylgjast með vexti og þroska hvers konar gróðurs. Sandgræðslunni er jafnmikil nauðsyn og Skógrækt ríkisins að sækja frá til staða með líkt loftslag og Ísland hefir, ef hún á að eiga framtíð fyrir sér. Ef báðar þessar starfsgreinar getu lagt saman við útvegum fræs, myndi báðum aðilum reynast það léttara.

Með skírskotun til þess, er að framan segir, er nefndin þeirrar skoðunar að sameina beri þessar tver stofnanir, t.d. undir nafninu Landgræðsla ríkisins.

Sandgræðslan hefir að undanfærnu haft aðalabsetur að Gunnarsholti á Rangárvöllum. Nú er að rísa þar upp ný tegund búskapar, ræktun holdanautgripa, og má búast við að sú starfsemi þurfi innan tíðar á jörðinni óskertri að halda með þeim byggingum sem

sem þar eru. Hins vegar mun Sandgröbblunni ekki nauðsynlegt að hafa aðsetur þar, og er því eðlilegt að hún viki þaðan um leið og sameining stofnananna fer fram.

Bjargráðasjóður:

Sjóður þessi var til þess stofnaður til að vera allsherjar-sjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í halleri eða til að afstýra því með því að veita sveitarfélögum og einstaklingum fjárhagslega aðstoð með styrkjum eða lánum, þá er harðindi steðjuða að.

Fé til sjóðsins er aflað með þeim hætti að sveitarfélög greiða nú í hann árlega sem svarar 2 krónum á hvern íbúa og ríkis-sjóður leggur sömu fjárhæð á móti. Framlag sveitarfélaganna telst séreign þeirra í sjóðnum.

Sjóðurinn hefur verið í vörslu stjórnarráðsins þar til nú fyrir skömmu að ráðinn var sérstakur framkvæmdastjóri fyrir sjóðinn. Þessi breyting hefur haft það í för með sér, að rekstrar-kostnaður sjóðsins þar með talin stjórnarlaun, hefur hækkað og nemur verulegum hluta af tekjum hans.

Virðist ástæða til að stla að unnt væri að reka sjóðinn með ódýrari hætti.

Þess má og geta, að sjóðurinn er enn sem komið er þess með öllu ómegnugur að veita nokkra teljandi aðstoð ef óáran er ríkjandi. Sýnist því sjóður þessi í óbreyttri mynd fremur gagnslítill.

Virðist því vel koma til greina að afnema hann með öllu eða í annan stað að stækka hann svo um munar með því að hækka verulega framlög til hans og gera hann þannig hefan til að gegna því hlutverki, sem honum er stlað.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur nýlega lagt til að sjóðurinn verði aukinn og eflaður og gerður að nokkurskonar rekstrarlána-

stofnun fyrir sveitarfélögin, en þeim er vissulega slíkra lána þörf.

Sparnaðarnefndin telur rétt að benda á þetta hér til athugunar.

Upptökuheimilið í Elliðaahvæmni.

Sparnaðarnefndin frá árunum 1947 - 1948 lagði til, og studdi fullum rökum, að hætta beri rekstri upptökuheimilis að Elliðaahvæmni. Af þessu hefur þó enn ekki orðið þótt furðulegt megi telja, þar sem heimilið hefir verið mjög lítið notað.

Rekstrarhelli á þessari stofnun hefur hin síðari ár numið um 130 þús. kr. árlega. Ekki verður séð, að á nokkurn hátt sé verjandi að halda áfram rekstri þessarar stofnunar, hvorki vegna notagildis hennar né þess kostnaðar fyrir ríkissjóð er af henni leiðir.

Vera má að hagnýta megi eign þessa í sambandi við einhver hali á vegum ríkisins eða elliheimili, þannig, að hún komi að samilegum notum án teljandi kostnaðar, og ber að sjálfsögðu að athuga um möguleika á því. En óbreyttur rekstur á engan rétt á sér.

Sparnaðarnefnd leggur því til, að rekstur upptökuheimilisins að Elliðaahvæmni verði lagður niður.

Þátttaka Íslands í alþjóðasamtökum.

Síðustu tölulíbir 17. gr. fjárlaganna fjalla um framlög ríkissjóðs til ýmiskonar erlendra og alþjóðlegra sambanda, sem Ísland er aðili að. Um nauðsyn á slíkri þátttöku af Íslands hálfu má að sjálfsögðu deila. Sumt mun þó vart umflúið. Einstaka aðild er Íslendingum harla hagkvæm svo sem þátttaka í alþjóðahveitiráðinu, sem engan teljandi kostnað hefur í för með sér fyrir

Ísland en tryggir því lægra hveitiverð.

Kostnaður Íslands af aðild þess í hinum ýmsu samtökum sést þó ekki nema að litlu leyti á 17. gr. Þar er aðeins að finna tillög Íslands til stofnananna. Kostnaður, sem leiðir af sendingu fulltrúa á þing eða fundi þessara sambanda er annarstaðar færður. Annað hvort á 10. gr. III. eða þá 19. gr. Sá kostnaður nemur verulegum fjárhæðum. Auk þess krefst aðild þessi aukinna starfskrafta í ráðuneytunum og kostnaðar í því formi.

Virðist því nauðsyn til bera, að þátttöku Íslands í erlendum samböndum og ráðstefnum sé í höf stillt meir og betur en nú hefur tilkast um skeið.

Oftlega má og ná sama árangri og afla nauðsynlegra gagna fyrir Ísland með öðrum og óáfrari hætti. Ekki er og laust við, að þátttaka þessi sé notuð til að tryggja einstaka mönnum ferðalög til útlanda á kostnað ríkisins án tillits til nauðsynja.

Sama gildir og um fulltrúasendingar ýmissa stofnana ríkisins á erlendar ráðstefnur og ber að spyrna gegn slíku hátterni.

Sparnaðarnefnd hefur að athugasemdi máli talið rétt að leggja til, að Ísland hetti að vera aðili í International Labour Organization (ILO), Food and Agricultural Organization (FAO) svo og þátttöku í Evrópuráðinu.

Nefndin getur ekki séð, að neinir teljandi hagemunir, er Ísland varða, fari förgörðum þótt þátttaka þess í fyrrgreindum stofnunum falli niður. Aftur á móti mundu sparast verulegar fjárhæðir í þátttökugjöldum, ferðakostnaði, prentun á gagnslitlum skjölum svo og vinnu í ýmsum ráðuneytum. Væri því fé er þannig sparaðist öllu betur varið til annarra og gagnlegri hluta.

Sparnaður, er af þessu leiddi mundi vart nema lægri fjárhæð en 300 - 500 þús. árlega.

Þá þykir nefndinni rétt að benda á, að þátttaka Íslands í

Norðurlandaráðinu mun hafa allmikinn kostnað í för með sér, en árangur vafasamur. Mun þó sennilega ekki þykja fært að hætta þátttöku í því af ýmsum ástæðum.

18. grein II.

Eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna og lífeyrir, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé.

Þessi liður er á fjárlögum f. 1954 áætlaður kr. 3.315.000.00. Verulegur hluti þessarar fjárhæðar er í rauninni viðbót við þær nál. 44 milljónir króna, sem ríkissjóður leggur Tryggingastofnun ríkisins árlega.

Kemur það til af því að 18. greinar styrkur lífeyrisþega er lagður við aðrar tekjur, sem þeir kunna að hafa og verður því til þess að skerða, eða fella niður, réttinn til lífeyris frá Tryggingarstofnuninni.

Þar sem styrkir á 18. gr. II. eru aðeins veittir þeim, sem Alþingi telur að unnið hafi til sérstakra heiðurslauna væri eðlilegt að þau laun nytu sérstöðu sinnar, en yrðu ekki til þess að létta lífeyrisgreiðslukvæð af Tryggingarstofnuninni.

En til lagfæringar á þessu mun þurfa að breyta almannatryggingarlögunum.

Hitt er svo annað mál, að mjög áberandi og varla viðunandi misræmi er milli fjárhæða styrkjanna.

Mun það að nokkru leyti stafa af því að styrkirnir hafa verið ákveðnir á löngu tímabili með mjög breytilegu verðgildi peninga, en þó fremur af hinu að engar reglur eru til um það, hvernig þessi framlög skuli ákveðin.

Er því brýn nauðsyn að ríkisstjórnin láti rannsaka gaumgæfi-

lega 18. gr. II og verði styrkjunum síðan breytt til eðlilegs samræmis.